

15. apríl 2014

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingi við Austurvöll

Varðar: Umsögn um frumvarp um fjármálastöðugleikaráð (mál 426)

Vísað er til tölupósts frá nefndinni þar sem óskað er umsagnar Samtaka fjármálafyrirtækja um frumvarp til laga um fjármálastöðuleikaráð.

Drög að frumvarpinu voru lögð fram á vef fjármálaráðuneytis síðastliðið sumar til kynningar og umsagnar. Samtök fjármálafyrirtækja sendu ráðuneytinu umsögn um málið á því stigi. Fylgir sú umsögn með þessari umsögn sem fylgiskjal. Ýmsar af þeim ábendingum sem þar voru gerðar hafa verið teknar til greina.

Almennt má um málið segja að það sé liður í þeirri alþjóðlegu viðleitni að draga úr líkum á fjármálaóstöðugleika og þar með þeim samfélagslega kostnaði sem fjármálakreppur hafa í för með sér. Slíkt er afar mikilsvært eins og dæmi sanna, ekki síst hér á landi. Kerfisbundið og reglulegt eftirlit með hættumerkjum um eignarbólur og veikleika í rekstri fjármálafyrirtækja eða efnahagslegu ójafnvægi er afar gagnlegt. Fjármálastöðugleikaráðinu er ætlað vaka yfir þessum áhættuþáttum, beina tilmælum um aðgerðir til stjórnvalda ef hættumerki gera vart við sig og vera samráðsvettvangur stjórnvalda komi til fjármálakreppu.

Hér er verið að lögbinda samstarf og umgjörð um verkefni sem áður voru unnin í samstarfi þeirra stjórnvalda sem að málinu koma án þess að lagaumgjörð væri um verkefnið. Slíkt er til bóta.

Samtök fjármálafyrirtækja eru hlynnt frumvarpinu og mæla með samþykkt þess. Meðfylgjandi eru þó tvær ábendingar til nefndarinnar til íhugunar.

1. Hugsanlega er óþarfi að lög skilgreini eins og frumvarpið gerir skipan og verkefni „kerfisáhætturáðs“, en það er undirnefnd þeirra aðila sem mynda fjármálastöðugleikaráðið. Þeir aðilar sem mynda fjármálastöðugleikaráðið ættu að hafa myndugleika til þess að skipa starfsnefnd eða starfsnefndir án þess að það sé tilgreint í löggjöf. Fyrirkomulagið felur í sér ákveðinn ósveigjanleika. Heppilegt gæti verið að starfsnefndir fjármálastöðugleikaráðsins væru fleiri ein. Til dæmis gæti ákveðin verkaskipting verið gagnleg og þörf getur verið að undirnefndir eða vinnuhópar séu breytilegar frá einum tíma til annars.
2. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að það sé m.a. byggt á tillögum G3 nefndarinnar og að ein af megintillögum hennar hafi verið að vinna að sameiningu Seðlabanka og Fjármálaeftirlits. Í greinargerðinni kemur fram:

„Í öðru lagi að komið yrði upp nauðsynlegri stofnanaumgjörð fyrir mótun og framkvæmd fjármálastöðugleikastefnu með því að stofna með lögum fjármálastöðugleikaráð undir forustu ráðherra sem fer með málefni fjármálakerfisins og með aðild forustumanna eftirlitsstofnana.“

*Líta ætti á fjármálastöðugleikastefnu sem þriðju meginstoð hagstjórnar við hlið ríkisfjármála- og peningamálastefnu. Þá þurfi svo skjótt sem auðið er að koma á sameiginlegum starfsgrundvelli fyrir eftirlit Seðlabanka og Fjármálaeftirlitsins. **Í framhaldi af þessu verði síðan að því stefnt að samþætta nánar starfsemi þessara tveggja stofnana innan þriggja ára og mynda þannig eina stofnun sem þjóni sem peningastefnu- og fjármálastöðugleikastofnun þjóðarinnar.** Fjármálastöðugleiki er án efa eitt mikilvægasta markmið efnahagsstefnunnar. Þess vegna þarf að skilgreina með skýrum hætti í lögum fjármálastöðugleikamarkmið fyrir starfsemi Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka. „*

Ekki er frekar minnst á þetta í frumvarpinu sjálfu. Hér virðist vera mörkuð stefna um sameiningu Seðlabanka og Fjármálaeftirlits. Um það geta verið skiptar skoðanir. Slíkt kann að vera skynsamlegt. Það kann að leiða til hagræðingar, meiri yfirsýnar og markvissari ákvörðunartöku. Sameining Seðlabanka og Fjármálaeftirlits er þó ekki án vandkvæða. Ýmsir eftirlitsþættir sem nú eru samþættir hjá Fjármálaeftirliti eiga ver heima í sameinuðum Seðlabanka og Fjármálaeftirliti, svo sem tryggingaeftirlit, eftirlit með lífeyrissjóðum og eftirlit með verðbréfamarkaði. Í Evrópusambandinu og Bandaríkjunum, svo dæmi sé tekið, eru þessir eftirlitsþættir (aðrir en bankaeftirlit) í sérstökum stofnunum utan seðlabankanna. Hér er stórt mál á ferðinni sem að mati Samtaka fjármálafyrirtækja þarfnast sérstakrar skoðunar og samráðs, ekki síst með þeim fyrirtækjum sem falla undir eftirlit Fjármálaeftirlitisins. Slík umræða hefur enn ekki farið fram.

Virðingarfyllst,



Yngvi Örn Kristinsson SFF